

GRÆNI TREFILLINN

SKÝRSLA TIL STJÓRNAR SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU (SSH)



Október 2006

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	4
2. AÐDRAGANDI SKÝRSLU	5
3. GRÆNI TREFILLINN - LEIÐARLJÓS VIÐ GERÐ SKÝRSLU	6
3.1 Bætt umhverfi.....	6
3.2 Aukin lífsgæði - bætt lýðheilsa	7
3.3 Vatnsvernd	8
3.4 Grænir treflar í Evrópu	8
4. SAMSTARF UM SKÓGRÆKT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.....	9
4.1 Reykjavík	10
4.1.1 Skógræktarfélag Reykjavíkur.....	10
4.1.2 Skógræktarfélag Kjalarness.....	11
4.1.3 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá	11
4.1.4 Ýmsir aðilar	11
4.2 Mosfellsbær.....	12
4.2.1 Skógræktarfélag Mosfellsbæjar	12
4.2.2 Ýmsir aðilar	12
4.3 Kópavogur.....	13
4.3.1 Skógræktarfélag Kópavogs	13
4.3.2 Ýmsir aðilar	13
4.4 Garðabær.....	13
4.4.1 Skógræktarfélag Garðabæjar	14
4.4.2 Ýmsir aðilar	14
4.5 Hafnarfjörður.....	14
4.5.1 Skógræktarfélag Hafnarfjarðar	14
4.5.2 Ýmsir aðilar	15
4.6 Seltjarnarnes.....	15
4.7 Álftanes	15
4.7.1 Skógræktarfélag Álftaness	16
4.8 Hagsmunaaðilar	16
4.8.1 Landeigendur	16
4.8.2 Leigjendur og umsjónaraðilar	16
4.8.3 Notendur.....	17
4.8.4 Aðrir	17
5. RÆKTUNARSTARFIÐ.....	18
5.1 Græn svæði	18
5.2 Skógarumhirða	19
5.3 Ræktunaráætlanir - ræktunarskipulag.....	19
6. ÚRLAUSNIR.....	19
6.1 Aðkoma sveitarfélaga	20
6.2 Aðkoma skógræktarfélaga	21
6.3 Samhæfing	21
6.4 Leiðir um útmörk höfuðborgarsvæðisins.....	22
6.4.1 Græni stígurinn	22
6.4.2 Grænu hliðin.....	24
6.5 Ræktun á Græna treflinum.....	25
6.5.1 Ræktun við Græna stíginn.....	25
6.5.2 Fjölbreytni á Græna treflinum	25

6.5.3 Nýir ræktunaráfangar	26
6.6 Rannsóknir og kynning	26
6.6.1 Viðhorfskannanir	26
6.6.2 Kynning á Græna treflinum	26
7. TILLÖGUR TIL STJÓRNAR SSH	26
7.1 Næstu áfangar og fjármögnun	27
7.2 Græni stígurinn - Grænu hliðin	27
7.3 Ræktun Græna trefilsins	27
8. LOKAORÐ	27
HEIMILDIR OG ÍTAREFNI	29
VIÐAUKI 1	32
VIÐAUKI 2	34

Skýrslan er unnin af starfshópi skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undir stjórn Skógræktarfélags Íslands.

Starfshópin skipa:

Andri H. Sigurjónsson, fulltrúi Kópavogsbæjar
Ágúst Hálfðánarson, fulltrúi Skógræktarfélags Mosfellsbæjar
Björn Axelsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar
Eiríkur Páll Eiríksson, fulltrúi Skógræktarfélags Kópavogs
Erla Bil Bjarnardóttir, fulltrúi Skógræktarfélags Garðabæjar
Guðjón Ingi Eggertsson, fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar
Guðjón Sverrisson, fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar
Helgi Gíslason, fulltrúi Skógræktarfélags Reykjavíkur
Jón G. Gunnlaugsson, fulltrúi Skógræktarfélags Álftaness
Jónatan Garðarsson, fulltrúi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar
Júlía Ingvarsdóttir, fulltrúi Garðabæjar
Lúðvík Geirsson, fulltrúi Hafnarfjarðarbæjar
Oddgeir Þór Árnason, fulltrúi Mosfellsbæjar
Símon Þorleifsson, fulltrúi Skógræktarfélags Kjalarness
Steinunn Árnadóttir, fulltrúi Seltjarnarnessbæjar
Þorvaldur S. Þorvaldsson, fulltrúi Skógræktarfélags Íslands
Þórólfur Jónsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar

Textahöfundar:

Brynjólfur Jónsson, Skógræktarfélagi Íslands
Einar Gunnarsson, Skógræktarfélagi Íslands
Jón Geir Pétursson, Skógræktarfélagi Íslands
Ragnhildur Freysteinsdóttir, Skógræktarfélagi Íslands

Kortavinna:

Magnea Jenný Guðmundardóttir

Ljósmyndir:

Brynjólfur Jónsson
Einar Gunnarsson
Herdís Friðriksdóttir
Jóhann Frímann Gunnarsson
Jón Geir Pétursson
Ragnhildur Freysteinsdóttir

1. INNGANGUR

Græni trefillinn er samheiti yfir skógræktar- og útivistarsvæði á útmörk höfuðborgarsvæðisins. Hugtakið er staðfest í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins árið 2001.

Græni trefillinn er samheiti yfir skógræktar- og útivistarsvæði á útmörk sveitarfélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkur, Mosfellsbæjar, Seltjarnarness, Kópavogs, Garðabæjar, Álftaness og Hafnarfjarðar¹. Á þessu svæði búa tæplega 190.000 íbúar eða rúm 60% þjóðarinnar².

Samstarf skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við uppbyggingu útivistarsvæða innan og á jaðri byggðar á sér langa sögu. Má rekja hana allt aftur til ársins 1903 þegar gróðursetning hófst við Rauðavatn (sjá Viðauka 1). Hugmyndin um að líta á svæðið sem eina heild er þó mun yngri og er fyrst farið að nota hugtakið „Græni trefillinn“ upp úr 1990. Árið 1985 gaf Skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins út metnaðarfullt rit sem nefndist „Átak í trjárækt á höfuðborgarsvæðinu“ sem innlegg í væntanlegt svæðisskipulag. Veturinn 1993 – 94 létu skógræktarfélagin á höfuðborgarsvæðinu vinna drög að sameiginlegum markmiðum með skógrækt í upplandi svæðisins³. Jafnframt voru unnin frumdrög að samræmdu umferðarkerfi á svæðinu jafnt fyrir gangandi, hjólandi, ríðandi sem akandi útivistarfólk. Með þessu frumkvæði vildu skógræktarfélagin leggja fram drög að svæðisskipulagi útivistar og skógræktar í þeirri von að tillögurnar yrðu fléttaðar inn í aðalskipulags- og framkvæmdaáætlun viðkomandi sveitarfélags. Árið 2003 var undirritaður formlegur samningur um Græna trefilinn milli skógræktarfélaganna.

Við gerð Svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið 2001-2024¹ var Græni trefillinn staðfestur í skipulagi (sjá mynd 1). Græni trefillinn hefur einnig verið tekinn inn í aðalskipulag einstakra sveitarfélaga (sjá töflu 1). Ekki hefur verið unnið skipulega að því að tengja svæðin saman eða formgera framkvæmd þessa verkefnis.



¹ Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 (2002)


² Hagstofa Íslands (2006)

³ Reynir Vilhjálmsson og Þráinn Hauksson (1996)

Tafla 1. Staða Græna trefilsins í aðalskipulögum sveitarfélaga.

SVEITARFÉLAG	GRÆNI TREFILLINN
Álftanes	
Garðabær	Í samþykktu aðalskipulagi 2004-2016
Hafnarfjörður	Í samþykktu aðalskipulagi 2005-2025
Kópavogur	Í samþykktu aðalskipulagi 2000-2012
Mosfellsbær	Í samþykktu aðalskipulagi 2002-2024
Reykjavík	Í samþykktu aðalskipulagi 2001-2024
Seltjarnarnes	

Mynd 1. Græni trefillinn í Svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið 2001- 2024.



2. AÐDRAGANDI SKÝRSLU

Skógræktarfélag Íslands kallaði til starfshóp um Græna trefilinn með fulltrúum skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu árið 2005. Fól SSH starfshópnum að koma með tillögur um Græna trefilinn.

Á Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2004 var samþykkt tillaga, þar sem óskað var eftir því við stjórn félagsins að hún beitti sér fyrir verkefninu um Græna trefilinn.

„Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Kópavogi 13. -15. ágúst 2004, beinir þeim tilmælum til stjórnar Skógræktarfélags Íslands að hafa forgöngu um að vinna, ásamt viðkomandi skógræktar- og sveitarfélögum, heildaráætlun um ræktun og tengingu núverandi skógræktarsvæða á því svæði sem gengið hefur undir vinnuheitinu Græni trefillinn, sem eru skógræktar- og útivistarlönd ofan byggðar á höfuðborgarsvæðinu“.



Veturinn 2005 var því kallaður saman starfshópur fulltrúa skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þar kom fram ríkur vilji til að taka höndum saman um að efla verulega uppbyggingu þessa svæðis og skapa fastmótaðri framtíðarsýn.

Starfshópurinn fór fram á að stjórn SSH fjallaði um málið og finndi því réttan farveg í stjórnkerfinu. Í kjölfarið fól stjórn SSH Skógræktarfélagi Íslands, í samstarfi við starfshópinn, að vinna skýrslu þar sem fram kæmu tillögur um Græna trefilinn.

Niðurstöður vinnu starfshópsins eru kynntar í þessari skýrslu. Kaus starfshópurinn að vinna efni skýrslunnar þannig að hún gæfi sem gleggsta mynd af fyrirkomulagi Græna trefilsins í dag. Á þeim grundvelli gerir starfshópurinn tillögur til stjórnar SSH.



3. GRÆNI TREFILLINN - LEIÐARLJÓS VIÐ GERÐ SKÝRSLU

Helstu viðmið við gerð þessarar skýrslu eru: a) bætt umhverfi, b) aukin lífsgæði og bætt lýðheilsa, c) vatnsvernd og d) Grænir treflar í Evrópu.

Við gerð skýrslunnar hefur starfshópurinn leitast við að draga fram mikilvægi Græna trefilsins fyrir samfélagið á höfuðborgarsvæðinu og fjölþætt hlutverk hans.

3.1 Bætt umhverfi

Græni trefillinn nær yfir stóran hluta útmerkur höfuðborgarsvæðisins. Töluverður hluti þess lands er illa

gróinn og er því mikilvægt að áfram verði unnið að jarðvegsvernd og uppgræðslu.

Græna treflinum er ætlað að umlykja og skýla byggðinni og þeirri fjölpættu útivist sem fram fer á útmörkinni. Hann skapar jafnframt bakland byggðarinnar. Skógar skulu vera fjölbreyttir og við ræktun þeirra lagt upp með þau viðmið sem sett voru um ræktun sjálfbærra skóglenda í leiðbeiningunum *Skógrækt - í sátt við umhverfið*⁴. Ræktun sé stunduð í samræmi við viðkomandi ræktunarskipulag á hverjum stað.



Skógarnir á Græna treflinum gegna mikilvægu hlutverki í að skapa skjól fyrir byggðina. Í sumum nýrri skipulagstillögum, svo sem í hverfunum við Lágafell í Mosfellsbæ, Úlfarsfell í Reykjavík og Ásland í Hafnarfirði, er skjól fyrir byggðina með skógi hluti af skipulagi.

Samspil uppgræðslu og skjólmyndunar hefur einnig mikil áhrif á svifryksmengun, bæði með því að taka upp agnir sem losna og verða til vegna umferðar, en einnig með því að fyrirbyggja aðflutning svifryks af gróðursnauðum svæðum útmerkurinnar.

Jafnframt binda skógarnir á Græna treflinum kolefni, sem er mikilvæg mótvægisáðgerð gegn losun á koltvísýringi. Þá bindingu væri áhugavert að mæla.

Framkvæmdir á Græna treflinum hafi ávallt markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi og auðveldi sveitarfélögum að framfylgja stefnu sinni í umhverfismálum.



3.2 Aukin lífsgæði - bætt lýðheilsa

Aðgengileg útivistarsvæði eru mikilvæg auðlind á höfuðborgarsvæðinu. Græni trefillinn er táknræn tilvísun um lífsgæði íbúanna.

Áhersla á og umfjöllun um lýðheilsu hefur stóraukist á undanförunum árum og má þar m.a. vitna til fjölsóttar ráðstefnu sem haldin var undir yfirskriftinni „Skógar í þágu lýðheilsu á Íslandi“ í mars 2005. Græn útivistarsvæði skipta miklu fyrir lýðheilsu fólks, bæði andlega og líkamlega⁵. Græn svæði hafa reynst hafa mjög jákvæð áhrif á fólk og jafnvel leiða til lægri glæpatíðni⁶.

⁴ Skógrækt í sátt við umhverfið (án ártals)

⁵ Larsson, Á. (2006)

⁶ Ackerman, J. (2006)

Græni trefillinn er vettvangur almennings allt árið, aðgengilegur og ókeypis. Með markvissum aðgerðum er hægt að bæta þann vettvang verulega.

Á Græna treflinum gefst einstakt tækifæri til að framkvæma stefnu um eflingu lýðheilsu almennings. Fjölbreyttir möguleikar eru á að höfða til flestra hópa samfélagsins, en mikilvægt er að jafnan sé unnið með „aðgengi fyrir alla“ að leiðarljósi.

3.3 Vatnsvernd

Mikil auðlind felst í grunnvatni ofan höfuðborgarsvæðisins, en öflun neysluvatns er vaxandi vandamál við borgir víða erlendis. Því skiptir miklu máli að fara vel með þessa auðlind og getur Græni trefillinn verið mikilvægur í því samhengi. Lítil mengunarhætta stafar af útivist samanborið við flesta aðra landnotkun.

Gróður, sérstaklega skógur, hefur líka víðtæk jákvæð áhrif á vatnsbúskap. Skógur safnar í sig snjó á veturna og skilar honum jafnar þegar vorar, heldur en gerist á berangri. Vatnsmiðlun verður jafnari, sem hefur jákvæð áhrif á lífsskilyrði gróðurs. Miðlunin minnkar líka hættu á flóðum og jarðvegsrofi og dregur úr hættu á mengun af þeim völdum. Einnig tekur skógurinn til sín mikið af næringarefnum, sem ella myndu sytra niður í grunnvatn og valda mengun⁷. Rannsóknir sýna einnig að grunnvatni stafar ekki hætta af hóflegri áburðargjöf nýmarka⁸.

3.4 Grænir treflar í Evrópu

Skógræktarfélag Íslands á aðild að bæði norrænum og evrópskum samstarfsverkefnum um stefnumótun, rannsóknir og þróun á útivistarskógum⁹. Því er innan vébanda félagsins góð þekking á stöðu slíkra mála í evrópsku samhengi.

Græna trefla er að finna við flestar borgir álfunnar og þar komast íbúarnir í tengsl við náttúruna. Stjórnsýsluaðilar í Evrópu eru æ meir að huga að hlutverki og mikilvægi grænna svæða fyrir íbúana¹⁰.



⁷ Skógrækt í sátt við umhverfið (án ártals)

⁸ Bjarni Diðrik Sigurðsson (2004), Bjarni Diðrik Sigurðsson o.fl. (2004)

⁹ COST33 áætlun Evrópusambandsins (Forest recreation and nature tourism) og AFFORNORD, verkefni norrænu Ráðherranefndarinnar. Skógræktarfélag Reykjavíkur á einnig fulltrúa í COST33 áætluninni.

¹⁰ Commission of the European Communities (2006)

Sérstaða Íslands er ekki síst fólgin í árangursríku samstarfi skógræktar- og sveitarfélaga. Í öðrum löndum þarf víða að vinna markvisst að því að skapa tengsl við ýmis konar áhuga- eða grasrótarsamtök. Hér á landi stendur slíkt samstarf á traustum grunni og hefur staðið allt frá fyrstu hugmyndum um útivistarskóga. Aðkoma vinnuskólanna að þessum verkefnum skapar Íslandi sérstöðu. Bein þátttaka þúsunda íbúa höfuðborgarsvæðisins við uppbyggingu Græna trefilsins er einsdæmi.




Í Evrópu er landnotkun oftast með þeim hætti að borgir eru umluktar skóglendum eða ökrum. Umhverfis höfuðborgarsvæðið eru hins vegar víðast óbyggð og opin svæði, sem eru arfleifð aldalangrar ofnýtingar skóga. Hér eru því betri sóknarfæri fyrir Græna trefilinn, en gengur og gerist víða erlendis.

4. SAMSTARF UM SKÓGRÆKT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Helstu aðilar í ræktun á höfuðborgarsvæðinu eru einstaklingar, ýmis fyrirtæki og félagasamtök, sveitarfélög og skógræktarfélögin, sem eru stærsti einstaki aðilinn.

Í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu hefur verið unnið að ræktunarmálum við þéttbýlið og nágrenni um áratuga skeið. Í flestum tilfellum hafa skógræktarfélögin verið hvatamenn ræktunar útivistarsvæða og hefur samstarf þeirra við sveitarfélögin skilað góðum árangri. Skógræktarfélögin eru stærsti einstaki aðilinn sem hefur unnið að skógrækt umhverfis höfuðborgarsvæðið (sjá Viðauka 2). Í gildi eru samningar um Landgræðsluskóga¹¹ innan allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, að undanskildu Seltjarnarnesi. Mismunandi er eftir sveitarfélögum hverjir landeigendur eða forsjáraðilar þess lands sem um ræðir eru, en þar má meðal annars nefna skógræktarfélög, sveitarfélög, einstakar ríkisstofnanir og einkaaðila.



Börn í grunnskólum höfuðborgarsvæðisins hafa gróðursett trjáplöntur fengnar frá Yrkju – sjóði æskunnar til ræktunar landsins. Er það fastur liður í skólahaldi margra skóla og heimsækja mörg börn, sem tekið hafa þátt í

¹¹ Landgræðsluskógar er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna í landinu, Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins og Landbúnaðarráðuneytisins.

gróðursetningunum, skógarlundina sína. Hefur verkefnið notið góðs stuðnings skógræktarfélaganna og Orkuveitu Reykjavíkur.

Sveitarfélögin hafa á síðustu 15-20 árum unnið að og aukið ræktun í og við þéttbýlið. Ræktun einstaklinga og stofnana er líka umtalsverð og hefur trjárækt í görðum innan byggðarinnar skilað því að mörg hverfi á höfuðborgarsvæðinu eru vel græn yfir að líta. Á útmörkum sumra sveitarfélaganna er líka nokkuð af sumarbústöðum í einkaeigu og hefur víða verið ræktað töluvert við þá.

Í Svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið¹² koma fram þau meginmarkmið sveitarfélaganna sem lögð eru til grundvallar framtíðaruppbyggingu grænu svæðanna. Meðal annars eru eftirfarandi markmið:

Að skipuleggja þróun byggðar,
landnotkun og samgöngur á
höfuðborgarsvæðinu með sjónarmið
heildarinnar að leiðarljósi.

Að varðveita og endurbæta grænu svæðin
sem umlykja byggðina á svæðinu.


Nánar eru þessi viðmið og markmið tíunduð í aðalskipulagi hvers sveitarfélags.

4.1 Reykjavík

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024¹³ er gert ráð fyrir útivist og mannvirkjum henni tengdri á Græna treflinum, en í skipulaginu skilgreinir Græni trefillinn mörk útmerkur og þéttbýlissvæðis borgarinnar. Áhersla er lögð á fjölbreytt náttúrufar þar sem fléttast saman skógrækt og ósnortin svæði. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan svæðisins, en gera má mannvirki til að auðvelda útivist og frístundaiðju. Búið er að samþykkja forskrift að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk og hefur í því samhengi verið gerð úttekt á náttúrufari þar.

4.1.1 Skógræktarfélag Reykjavíkur

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur verið mikilvægur aðili þegar kemur að ræktun í borgarlandinu, en það hefur séð um ýmis skógræktarverkefni fyrir Reykjavíkurborg. Félagið er með þjónustusamning við borgina um umsjá Heiðmerkur, sem er eitt stærsta samfellda útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins,




¹² Svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið 2001-2004 (2002)

¹³ Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 (2002)

en talið er að gestakomur þangað séu rúmlega hálf milljón árlega¹⁴. Um 1/3 af Heiðmörk er í landi Garðabæjar og er Skógræktarfélag Reykjavíkur með samning við Garðabæ um þann hluta. Að auki er félagið með samning við Landbúnaðarráðuneytið um skógrækt í hlíðum Esju, upp frá Mógilsá. Einnig hafa ýmis félög fengið svokallaðar landnemaspildur til ræktunar. Þá hefur félagið verið í góðri samvinnu við Vinnuskóla Reykjavíkur, Orkuveitu Reykjavíkur og fleiri¹⁵.

4.1.2 Skógræktarfélag Kjalarness

Skógræktarfélag Kjalarness er með þriggja hektara landspildu á landi við Mógilsá en þar hófst ræktun árið 1957. Félagið er einnig með ræktunarsvæði við Arnhamar við Vesturlandsveg¹⁵.



4.1.3 Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá

Mikil ræktun hefur átt sér stað á Mógilsá í Kollafirði á vegum Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins, sem þar fer með forráð, en fyrir ofan stöðina er vöxtulegur og fjölbreyttur skógur. Öflug rannsóknastöð skógræktar á Græna treflinum er ómetanlegur styrkur fyrir skógræktarstarf á höfuðborgarsvæðinu¹⁵.

Fyrirhugað er að Trjáræktarklúbburinn fái land við Mógilsá, þar sem byggt verði upp trjáasafn (*arboretum*), með tengingu við þá ræktun sem þegar er búið að stunda þar¹⁶.

4.1.4 Ýmsir aðilar

Félagasamtök, starfsmannafélög fyrirtækja o.fl. hafa um áratuga skeið stundað ræktun í Heiðmörk á landnemaspildum, í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur¹⁵.

Sumarið 2006 stóðu skógræktarfélögin fyrir gróðursetningu á 35 þúsund plöntum í hlíðar Esju, sem voru gjöf Páls Samúelssonar, fyrrverandi eiganda Toyota-umboðsins¹⁵.



Samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs hafa unnið að uppgræðslu á landi Reykjavíkur í Úlfarsfelli¹⁷.

¹⁴ IMG Gallup (2006)


¹⁵ Starfshópur skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2006)

¹⁶ Trjáræktarklúbburinn (án ártals)

¹⁷ Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs

4.2 Mosfellsbær

Í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024¹⁸ er talsverð áhersla lögð á skógrækt, enda skiptir það skjól sem af skóginum kemur miklu fyrir Mosfellsbæ. Innan Græna trefilsins í Mosfellsbæ er gert ráð fyrir skógrækt til skjóls og útivistar, ásamt þeim mannvirkjum sem þarf til að hann nýtist til slíks. Samkvæmt skipulaginu fellur stærstur hluti svæðis Græna trefilsins undir óbyggð svæði. Í Mosfellsbæ er stór hluti lands í einkaeigu.



4.2.1 Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

Ræktunarstarf Skógræktarfélags Mosfellsbæjar hefur mótast nokkuð af hversu stór hluti lands er í einkaeigu og því eru flestir ræktunarreitir félagsins leigðir frá landeigendum, en félagið er einnig með samning við Mosfellsbæ. Félagið er með aðstöðu við Hamrahlíð í Úlfarsfelli, þar sem árleg jólatrjáasala þeirra fer fram. Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur átt gott samstarf við ýmsa aðila, m.a. Vinnuskóla Mosfellsbæjar, en unglingar þaðan hafa unnið við gróðursetningu á reitum félagsins¹⁹.

4.2.2 Ýmsir aðilar

Laugarnesskóli í Reykjavík hefur frá því um 1950 gróðursett í Katlagili í Helgadal í Mosfellsbæ. Á seinni árum hefur gróðursetning Yrkjuplantna bæst þar við¹⁹.

Í Helgadal hefur verið rekin Garðplöntustöðin Gróandi að Grásteinum og eins og verða vill með gróðrarstöðvar er töluverð ræktun í kringum stöðina. Land stöðvarinnar og Laugarnesskóla liggja saman og mynda þannig eina heild¹⁹.



S.Í.B.S. rekur heilbrigðisstofnun að Reykjalundi og þar var skógrækt stunduð af kappi. Skógurinn við Reykjalund myndar nú eina heild við skóga á einkalóðum og bökkum Varmár og er mikið notaður til útivistar og endurhæfingar¹⁹.

Við Hafravatn, Silungatjörn, Krókstjörn og Seljavatn er fjöldi skógi vaxinna frístundalóða. Dalland er skógi vaxinn hestabúgarður úr landi Miðdals¹⁹.


Samtökin Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs hafa unnið að uppgræðslu á landi innan umdæmis Mosfellsbæjar í samvinnu

¹⁸ Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024 (2003)

¹⁹ Starfshópur skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2006)

við bæjaryfirvöld. Einnig hefur Borgarholtsskóli í Reykjavík komið að uppgræðslu í Þormóðsdal á vegum samtakanna²⁰.

Tugþúsundir plantna hafa verið gróðursettar á milli Grímmannsfells og Leirvogsár, í Skógarbringur og Bringur, í samstarfsverkefni Mosfellsbæjar, Landsvirkjunar og Landgræðslu ríkisins²¹.



4.3 Kópavogur

Eitt af markmiðum Kópavogsbæjar samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 2000 -2012²² er að nýta sem best fjölbreytta útivistarmöguleika sem bæjarlandið býður upp á, bæði á opnum og óbyggðum svæðum, en bærinn á um 70% lands innan heimalandisins. Opnum svæðum er ætlað að tryggja aðstöðu til útivistar og er ekki gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum eða framkvæmdum en þeim sem tengjast notkun þeirra. Almennt er lagt til að auka áherslu á trjá- og skógrækt, með trjárækt í Fossvogsdal og Kópavogsdal og skógrækt ofan byggðarinnar.

4.3.1 Skógræktarfélag Kópavogs

Félagið hefur umsjón með Guðmundarlundi í Vatnsenda. Önnur svæði félagsins eru Vatnsendaheiði, Rjúpnahæð og Lækjarbotnar. Félagið hefur gefið félagsmönnum kost á að fá afhenta landnemaspildu til ræktunar. Félagið hefur átt gott samstarf við ýmsa aðila, þar á meðal Vinnuskóla Kópavogs²¹.

4.3.2 Ýmsir aðilar

Samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs hafa unnið að uppgræðslu við Lækjarbotna í Kópavogi í samvinnu við Kópavogsbæ og Waldorfskólann²⁰.



4.4 Garðabær

Í Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016²³ er m.a. lögð áhersla á að byggð falli vel að umhverfi og stuðli að útivist. Græni trefillinn er sérstaklega skilgreindur innan aðalskipulagsins, með tengingum á græna geira innan byggðarinnar. Heiðmörk er að einum þriðja hluta í landi Garðabæjar og tengjast þar með útivistarsvæði í Garðabæ og Reykjavík.

²⁰ Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs (án ártals)

²¹ Starfshópur skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2006)

²² Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012 (2002)

²³ Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016 (2006)

4.4.1 Skógræktarfélag Garðabæjar

Skógræktar- og umsjónarsvæði Skógræktarfélags Garðabæjar eru Smalaholt, Sandahlíð, Hnoðraholt, Hádegisholt, Tjarnholt og Leirdalur, flest á grundvelli Landgræðsluskógasamninga. Félagið er með aðstöðu í landi Vífilsstaða²⁴.

4.4.2 Ýmsir aðilar

Félagasamtök og fjölskyldur í Garðabæ hafa fengið úthlutað skógræktarreitum í Smalaholti og Sandahlíð²⁴.

Skógræktarfélag Garðabæjar er með samstarf um trjárækt við Golfklúbb G.K.G., er liggur að Smalaholti²⁴.

Á Vífilsstöðum hófst skógrækt ungmennafélaga norðan spítalans um 1934. Trjálundurinn sunnan Vífilsstaða var gróðursettur á árunum 1954-1960²⁴.

Á Garðaholti er veglegur trjálundur frá því um 1960 í einkaeign²⁴.



4.5 Hafnarfjörður

Yfirlýst markmið í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025²⁵ er að við uppgræðslu í landi bæjarins skuli markmið sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi og stuðla skuli að umhverfi sem hvetur til útiveru. Hafnarfjarðarbær er eigandi meirihluta lands innan lögsagnarumdæmisins. Uppland Hafnarfjarðar er að miklu leyti óbyggt svæði og stór hluti þess innan verndarsvæða, bæði vatnsverndar- og hverfisverndarsvæða. Svæðið er því kjörið til útivistar og vinsælt til þess. Græni trefillinn er í aðalskipulaginu skilgreindur sem skógræktar- og frístundasvæði sem umlykur byggðina, með græna geira innan bæjarfélagsins sem tengjast inn á trefilinn.



4.5.1 Skógræktarfélag Hafnarfjarðar

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar hefur lengi verið mikilvægur aðili við ræktun á upplandi bæjarins og samkvæmt nógildandi samningi við Hafnarfjarðarbæ sér félagið um viðhald og plöntun á skógræktarsvæðum í landi Hafnarfjarðar. Stærstu svæðin eru Höfðaskógur, við Hvaleyrarvatn, Undirhlíðar og Gráhelluhraun. Auk þess hefur félagið úthlutað landnemaspildum til ræktunar, þar sem einstaklingar, félög og stofnanir hafa stundað landgræðslu og ræktun. Félagið hefur líka rekið gróðrarstöðina Þöll²⁴.

²⁴ Starfshópur skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2006)

²⁵ Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025 (2006)

4.5.2 Ýmsir aðilar

Samtökin Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs hafa unnið að uppgræðslu á landi innan umdæmis Hafnarfjarðar í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ. Einnig hefur Flensborgarskóli í Hafnarfirði tekið þátt í verkefni hjá samtökunum²⁶.

Í Almenningsi og hluta Háabruna í Nýjahrauni (Kapelluhrauni) er stórt ræktunarsvæði í landi Skógræktar ríkisins, þar sem nokkrir einstaklingar fengu svæði til umsjónar fyrir um hálfri öld. Það svæði er ekki formlega hluti af Græna treflinum en liggur í framhaldi af honum²⁴.



4.6 Seltjarnarnes

Seltjarnarnesbær er með landminnstu sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega hvað útmörk byggðarinnar varðar, enda stendur bæjarfélagið á útnesi. Á það ber þó að líta að ágreiningur er um lögsögu á svæði sem er hluti af afrétti Seltjarnarneshrepps hins forna og er þar um 3000 ha að ræða. Hefur lega bæjarfélagsins haft nokkur áhrif á áherslur í útivistarmálum, en í Aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024²⁷ má sjá að megináherslur varðandi útivistarsvæði tengjast fjöru og strandsvæðum, sögu og menningu, en lítið er fjallað um græn svæði í útjaðri byggðarinnar.

Ræktun í bæjarfélaginu hefur fyrst og fremst verið trjá- og garðrækt einkaaðila við íbúðarhús, fyrirtæki og stofnanir. Seltjarnarnesbær er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem ekki hefur skógræktarfélag²⁸.

4.7 Álftanes

Í Aðalskipulagi Álftaness 2005-2024²⁹ er lagt upp úr fögru umhverfi sveitarfélagsins, verndun svæða, hóflegri nýtingu og endurheimt landgæða. Sveitarfélagið er skilgreint sem eins konar sveit á höfuðborgarsvæðinu, enda byggð þar dreifð og mikið af stórum, óbyggðum svæðum, sem opin eru til almennrar útiveru. Vegna legu sveitarfélagsins á nesi er töluverð áhersla á útivist við strandlengjuna. Skipulagi á stóru landsvæði í upplandi Almenningskóga Álftnesinga hefur verið frestað vegna óvissu um eignamörk á svæðinu.



²⁶ Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs (án ártals)

²⁷ Aðalskipulag Seltjarnarness 2006-2024 (2006)

²⁸ Starfshópur skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2006)

²⁹ Aðalskipulag Álftaness 2005-2024 (2006)

4.7.1 Skógræktarfélag Álftaness

Skógræktarfélag Álftaness hefur stundað skógrækt og landgræðslu á Almenningskógasvæðinu, en takmarkað síðastliðin ár³⁰.



4.8 Hagsmunaaðilar

Eins og sjá má af umfjöllun um einstök sveitarfélög eru margir aðilar sem koma að ræktun í umhverfi höfuðborgarsvæðisins á einn eða annan hátt. Það eru því margir sem hafa einhverra hagsmuna að gæta í sambandi við útivistarmöguleika í útjaðri byggðarinnar. Almenn má skipta helstu hagsmunaaðilum í eigendur, leigjendur eða umsjónaraðila, notendur og aðra.

4.8.1 Landeigendur

Landeigendum má skipta í einkaaðila og opinbera aðila. Einkaaðilar eru oftast einstaklingar, en geta einnig verið einkahlutafélög eða önnur fyrirtæki í einkaeigu.

Opinberum aðilum má skipta í ríki og sveitarfélög. Undir ríkið heyra þjóðlendur og ríkissjarðir, en einnig er þar um að ræða land í umsjón ríkisstofnana.

Þar sem sveitarfélög hafa forræði skipulags er einfaldara fyrir þau að taka land í sinni eigu undir útivist, heldur en land í eigu einkaaðila eða ríkisins.

Vel skipulagt og grænt útivistarsvæði getur stuðlað að aukinni fegurð og skjóli fyrir nærliggjandi land og þannig aukið verðmæti þess.

4.8.2 Leigjendur og umsjónaraðilar

Leigjendur eru þeir sem leigja eignarland, þ.e. eru með samning við landeigenda um nýtingu á eignarlandi gegn greiðslu. Einnig getur verið um hlutaleigu að ræða, þ.e. landeigandi leyfir notkun hluta lands eða eingöngu afmarkaða gerð notkunar.



Umsjónaraðilar eru þeir sem hafa umsjón með landi í umboði landeiganda, t.d. skógræktarfélag með samning við sveitarfélag.

Leigjendur og aðrir umsjónaraðilar hafa oftast minni stjórn á gangi mála, heldur en landeigendur, þar eð ákvörðun um nýtingu lands liggur endanlega hjá landeigenda. Réttarstaða

³⁰ Starfshópur skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2006)


leigjenda er því mjög háð eðli samnings eða samkomulags við landeigenda, sem og eðli og gerð nýtingar landsins.

4.8.3 Notendur

Núverandi og væntanlegir notendur Græna trefilsins eru stór og fjölbreyttur hópur fólks, en notkun útivistarsvæða eins og Græna trefilsins getur verið margvísleg. Algengasta notkunin er til gönguferða, hjólræða og annarrar umferðar (sjá töflu 2).

Tafla 2. Dæmi um útivist sem stunduð er á Græna treflinum.

ÚTIVIST Á GRÆNA TREFLINUM
Lautarferðir – grill, leiktæki á áningarstöðum
Hlaup, skokk, ganga, fjallganga
Hjólræðar, hjólaskautar, hjólabretti
Útreiðar hestamanna
Gönguferðir með hunda
Skíði, skautar, snjósleðar
Golf
Akstur á mótorhjólum
Boltaþróttir, t.d. fótbolti, blak
Svifflug, svifdrekar, móðelflug, fallhlífastökk
Stangveiði
Berjatínsla, sveppatínsla
Fuglaskoðun, önnur náttúruskoðun
Skógrækt



Þær fáu rannsóknir sem gerðar hafa verið á notkun útivistarsvæða á höfuðborgarsvæðinu sýna að árlega er um hundruð þúsunda heimsóknar að ræða³¹. Framboð á góðum útivistarsvæðum er því mikilvægt hagsmunamál fyrir alla íbúa höfuðborgarsvæðisins.

4.8.4 Aðrir

Útivistarsvæði á útmörkum geta líka skipt máli fyrir fólk sem ekki nýtir svæðin beint. Vel gróið svæði í útjaðri byggðar (sérstaklega vel skógi vaxið) getur dregið verulega úr vindi, snjó og skafrenningi innan byggðar, ásamt því að stuðla að hærra hitastigi. Jafnframt getur gróðurinn hjálpað til við vatnsmiðlun og dregið þannig úr rof- og flóðahættu. Tré og annar gróður tekur líka til sín mikið af gróðurhúsa-lofttegundum og annarri borgarmengun og getur þannig bætt lífsgæði íbúanna.



Svo má ekki gleyma því að græn svæði í útjaðri byggðar geta verið búsvæði fyrir fugla og önnur dýr.

³¹ IMG Gallup (2006)

5. RÆKTUNARSTARFIÐ

Mörg skógræktar- og útivistarsvæði eru á höfuðborgarsvæðinu, mörg í umsjón skógræktar- eða sveitarfélaga. Að ýmsu þarf að huga við þessa ræktun, en hún hefur gjörbreytt yfirbragði byggðarinnar.

Rúm öld er síðan ræktun á svæði Græna trefilsins hófst. Á þeim tíma hefur gróðurfarið tekið miklum breytingum og er víða kominn upp vöxtulegur skógur þar sem áður var illa eða lítt gróið land.


5.1 Græn svæði

Margir aðilar hafa komið að ræktun á útmörk höfuðborgarsvæðisins og er hlutur skógræktarfélaga og opinberra aðila þar lang stærstur, enda eignarlönd einstaklinga oft takmörkuð að stærð. Sem dæmi má nefna að innan Landgræðsluskógaverkefnisins hafa verið gróðursettar um 7 milljónir plantna frá árinu 1990 á höfuðborgarsvæðinu³². Á Græna treflinum eru því mörg skóglendi og nýmerkur (sjá Viðauka 2).

Að auki ganga ýmsir geirar grænna svæða út frá Græna treflinum um byggðina. Sem dæmi má nefna geira sem liggur frá Reykjavíkurtjörn um Öskjuhlíð, Fossvog, Elliðaárdal og meðfram Suðurlandsvegi upp að Lækjarbotnum. Hafa ýmsir grænir geirar myndast með ræktun innan byggðarinnar.

Fyrir utan formleg útivistarsvæði og græn svæði innan byggðar hefur ræktun einstaklinga í görðum líka gjörbreytt ásjón sveitarfélaganna. Snemma var farið að stunda trjárækt í görðum, bæði til yndisauka og til skjóls. Hefur sú rækt skilað því að mörg hverfi á höfuðborgarsvæðinu eru fagurgræn yfir að líta og mynda í raun samfelldan og opinn skóg.

Ræktun innan byggðarinnar hefur haft víðtæk áhrif á nærumhverfið. Vindar og veðurfar almennt hefur gjörbreyst með aukinni trjárækt, á þá vegu að innan byggðarinnar er bæði lygnara og hlýrra heldur en áður var.



³² Starfshópur skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2006)

5.2 Skógarumhirða

Skógarumhirða felst aðallega í áburðargjöf, íbótum með fjölbreyttari gróðri og grisjun. Grisjun er veigamikill þáttur góðrar skógarumhirðu. Erfiðlega hefur gengið að fjármagna grisjun á Græna treflinum, en nýlega var Heiðmörk kortlögð og grisjunarþörf þar metin. Lagt er til að slíkt hið sama verði gert á öðrum svæðum. Auk þess er brýnt að fara í kostnaðar- og tekjugreiningu, en við grisjun fellur til efniviður sem m.a. má nýta til að bæta aðstöðu í skóginum, s.s. í borð og bekki, skjólhús, kurl í stíga o.fl.




5.3 Ræktunaráætlanir - ræktunarskipulag

Skógrækt er langtímaverkefni sem krefst góðrar skipulagningar og reglulegrar endurskoðunar. Þegar nýtt land er tekið til ræktunar þarf að kortleggja landið og vinna að gagnaöflun á náttúrufari og hugsanlegum menningarminjum³³. Á grundvelli gagnasöfnunar er gerð ræktunaráætlun, sem innifelur grisjun og umhirðu skóglendisins. Skráning framkvæmda og árangurs er stöðugt í gangi³⁴. Slíkar ræktunaráætlanir eru til fyrir hluta Græna trefilsins. Vitnað skal í vinnu um *Skógrækt í sátt við umhverfið* vegna ýmissa viðmiða.

6. ÚRLAUSNIR

Græni trefillinn er viðurkennt og skýrt hugtak. Mikilvægt er að viðhalda samstarfi um Græna trefilinn og stuðla að samhæfingu aðgerða, sem tryggir aðkomu sveitarfélaga, skógræktarfélaga og íbúa. Til að formgera tengslin er stungið upp á sameiginlegum stíg sem liggi eftir Græna treflinum endilöngum. Megináhersla verði á ræktun og uppbyggingu kringum þennan stíg til að byrja með, en síðar verði hugað að útvíkkun Græna trefilsins.



Það er niðurstaða starfshópsins að Græni trefillinn sé orðið viðurkennt hugtak, sem hafi skýrt inntak.

Starfshópurinn vill undirstrika þá sýn að Græna treflinum sé ætlað fjölpætt hlutverk, m.a. að skýla byggð og mannlífi, að

³³ Sjá t.d. Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson (2006)

³⁴ Skógrækt í sátt við umhverfið (án ártals)

græða upp illa gróin og röskuð svæði og að bæta aðstöðu íbúa til útivistar. Á þann hátt er hann tæki til að bæta lýðheilsu.


Græni trefillinn dregur úr áhrifum vinds, ekki síst skafrenningi og snjósöfnun. Í því samhengi skiptir miklu máli að auka samfellu Græna trefilsins enn frekar með aukinni skógrækt, austar og innar til landsins.

Með aukinni reynslu og vitneskju hefur komið í ljós að trjágróður þrífst á heiðum ofan byggðar og hægt er að rækta ofar en áður var talið. Þetta þýðir í raun að ofan og austan núverandi ræktunarsvæða er hægt að koma upp skógum eftir því sem þurfa þykir.

Mikilvægt er því að fram fari vinna við að endurskilgreina mörk Græna trefilsins í Svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið.

Mikilvægt er að formgera verkefnið og samhæfa það sem fram fer á vegum einstakra skógræktar- og sveitarfélaga. Fjármuni skortir til framkvæmda á svæðinu.

Á Græna treflinum er einstakt tækifæri fyrir sveitar- og skógræktarfélagin að skapa vettvang fyrir útivist og bættu lýðheilsu almennings sem gæti sett höfuðborgarsvæðið í fararbrodd evrópskra borga.



6.1 Aðkoma sveitarfélaga

Lögsagnarumdæmi sveitarfélaganna innan Græna trefilsins eru misjafnlega stór. Íbúar sveitarfélaganna nýta hins vegar útivistarsvæðin án tillits til búsetu.

Starfshópurinn leggur til að sveitarfélögin leiti leiða til að tryggja aðkomu allra íbúa höfuðborgarsvæðisins að Græna treflinum.

Á ákveðnum svæðum Græna trefilsins eru stórar spildur í einkaeigu. Til að tryggja samfellu á treflinum er mikilvægt að sveitarfélögin hvetji gagngert til ræktunar og uppbyggingar útivistaraðstöðu við og á landi í einkaeigu og geri það að aðlaðandi valmöguleika fyrir einkaaðila. Aukið samstarf sveitarfélaganna getur stutt við ræktun á útmörkinni, t.d. með samstarfi um nýtingu á lífrænum úrgangi.



6.2 Aðkoma skógræktarféлага

Aðkoma fjöldahreyfingar áhugafólks, skógræktarfélaganna, er mikill styrkur fyrir Græna trefilinn og skapar honum sérstöðu í samanburði við sambærileg svæði í Evrópu. Nú eru um 3000 félagar í þessum sjö skógræktarfélögum sem eiga aðild að Græna treflinum³⁵. Almennigur hefur lengi fundið sér farveg með þátttöku í skógræktarfélögunum og mörg dæmi þar sem félög hafa knúið á um aðgerðir, t.d. friðun Heiðmerkur.

Samkvæmt nýlegum viðhorfsskönnunum eru áhugi og viðhorf almennings gagnvart skógrækt mjög jákvæð³⁶. Trúverðugt og mikilvægt starf skógræktarféлага hefur ekki síst skapað þá almennu ímynd meðal landsmanna.

Starfshópurinn telur núverandi samstarf skógræktar- og sveitarféлага í ágætum farvegi og mikilvægt að það haldi áfram og fái að þróast eftir því sem hentar aðstæðum á hverjum stað. Samstarfið þarf að treysta og efla enn frekar þannig að afl áhugasamtaka sem býr í viðkomandi skógræktarfélögum nýtist sem best.



6.3 Samhæfing

Afar mikilvægt er að koma á fót samráðsvettvangi skógræktar- og sveitarféлага og leggur starfshópurinn til að það verði gert með formlegum og skilvirkum hætti.

Starfshópurinn gæti hugsanlega verið sá farvegur sem hentar. Græni trefilinn er umfangsmikið og stórt verkefni sem kallar á verulega fjármuni. Þegar kemur að framkvæmdum kallar það á sérstaka fjármögnun í samræmi við þau verkefni og áætlanir sem lagðar verða til grundvallar hverju sinni.

Ef þær hugmyndir sem hér eru reifaðar fá brautargengi, þá kallar það á samræmingu fjölmargra hagsmunaaðila fyrir utan þá sem nefndir hafa verið. Þar er bæði átt við landeigendur, einstaklinga, sérfræðinga, opinbera aðila svo og hagsmunasamtök og stofnanir.

Ýmsa innviði þarf að samræma, svo sem kort, merkingar, útgáfu á bæklingum og leiðarkort, auk ýmissa annara þátta sem of langt mál er að fara út í á þessu stigi.



³⁵ Starfshópur skógræktar- og sveitarféлага á höfuðborgarsvæðinu (2006)


³⁶ Sherry Curl og Hrefna Jóhannesdóttir (2005), IMG Gallup (2006)

6.4 Leiðir um útmörk höfuðborgarsvæðisins

Á Græna treflinum er ekki aðeins hugsað um að hafa skóg heldur fjölbreytt útivistarsvæði fyrir almenning. Nokkuð hefur gengið á þetta svæði frá því sem upphaflega var áætlað en svigrúm inn til landsins er verulegt.

6.4.1 Græni stígurinn

Í því skyni að efla útivistarsvæðið á Græna treflinum og mynda órofa heild er talið mikilvægt að sveitarfélögin sameinist um að koma upp samfelldum stíg eftir honum. Vel uppbyggður stígur tengir skógræktarsvæði og sveitarfélög. Um leið margfaldast möguleikar til útivistar og ný svæði opnast, með nýjum tækifærum. Í framkvæmd af þessu tagi felst margháttuð hagræðing. Með Grænum stíg verður útivistarsvæðið ein heild.



Mikilvægt er að stígnum verði fundin leið sem tengir helstu innganga (Grænu hliðin) á Græna treflinn. Mynd 2 sýnir hugmynd þar um, en nánari útfærsla á legu stígs og staðsetningu hliða bíður næsta áfanga.

Skynsamlegt er að nýta leiðir sem þjóna því markmiði sem Græni stígurinn á að uppfylla, m.a. huga að því að stígurinn liggi sem víðast í skógi vöxnu landi. Frá Græna stígnum tengjast stígar við græn svæði innan byggðar, jafnvel allt niður að sjó. Næðu þar saman Græni stígurinn á útmörkinni og „Blár stígur“ við ströndina, en unnið hefur verið að honum undanfarin ár. Er sá stígur ágætis fyrirmynd í þessu samhengi, en hann er mjög mikið notaður.

Mikilvægt er að Græni stígurinn verði gerður þannig úr garði að hann sé aðgengilegur sem flestum. Þá mætti hugsa sér fræðslustíga, sem gætu snúist um ákveðið þema (t.d. fuglastígur, blóma- og trjástígur, sveppastígur o.fl.) og stíga til að þjóna hópum (t.d. reiðstígar).



Við hönnun þarf að hafa í huga að stígurinn nýtist allan ársins hring. Aðgreina þarf leiðir eftir því hvaða hóp þær eiga að þjóna, svo ekki komi til árekstra, koma upp aðstöðu á ákveðnum stöðum til að auka á notagildið og beina umferð á afmarkaða staði til að vernda viðkvæm svæði fyrir of miklum ágangi. Einnig þarf að sjá til þess að stígurinn sé öruggur gagnvart annarri umferð og fari vel í landslagi.

Mynd 2. Græni stígurinn og Grænu hliðin.



Grunnhugmynd Græna stígsins og Grænu hliðanna. Myndinni er ekki ætlað að sýna endanlega legu Græna trefilsins, Græna stígsins, eða staðsetningu eða fjölda Grænna hliða heldur eingöngu sýna grunnhugmynd tillögu myndrænt.

6.4.2 Grænu hliðin

Ekki er nóg að tengja núverandi græn svæði saman, heldur þarf líka að útbúa góða aðstöðu við hliðin að Græna treflinum. Þar þarf að hyggja að þáttum sem laða að almenning og þjóna þeim hundruðum þúsunda íbúa sem vitað er að sækja í svæðin og nota þau.

Staðsetningu þessara Grænu hliða er best að tengja við einhver kennileiti eða staði sem margir þekkja nú þegar. Sumstaðar þarf hins vegar að huga að gerð nýrra hliða, sem verður að byggja upp frá grunni.

Dæmi um núverandi innganga/hlið eru Hamrahlíð í Mosfellsbæ, nokkrir staðir í Heiðmörk, Elliðavatn, Guðmundarlundur í Kópavogi, Sandahlíð í Garðabæ og Höfðaskógur í Hafnarfirði. Gott er að nýta núverandi hlið og fjölga þeim, bæði til að auka fjölbreytni í nýtingu, auðvelda sem flestum aðgengi og dreifa álaginu. Í töflu 3 eru talin upp núverandi hlið og lagðar fram hugmyndir að staðsetningu á hliðum sem bæta mætti við.

Tafla 3. Núverandi og möguleg hlið á Græna treflinn.

SVEITARFÉLAG	HLIÐ	
	Núverandi	Mögulegt
Reykjavík - Kjalarnes	Heiðmörk – ýmsir staðir	Elliðaárdalur
	Við Rauðavatn, Rauðhóla	Reynisvatn, Leirdalur, Grafarholt
	Esja við Mógilsá	Blikdalur
Mosfellsbær Kópavogur	Hamrahlíð	Arnhamar
	Guðmundarlundur	Hafravatn
		Rjúpnahæð
Garðabær		Lækjarbotnar
		Við Elliðavatn
	Sandahlíð	Vífilsstaðahlíð við trjásýnireit
Hafnarfjörður		Við Búrfellsgjá
	Höfðaskógur, Hvaleyrarvatn	Húshöfði, Hvaleyrarvatn, Fremstihöfði
	Gráhelluhraun	Hlíðarþúfur ofan Setbergs
	Undirhlíðaskógur, Skólalundur	Skólalundur, Kaldárbotnar
	Stóri-Skógarhvammur	Krýsuvíkurvegur
	Sléttuhlíð og Klifsholt	Við Mið-Klifsholt



6.5 Ræktun á Græna treflinum

Nauðsynlegt er að halda áfram markvissu ræktunarstarfi á svæði Græna trefilsins. Annars vegar má horfa á það ræktunarstarf sem þegar er unnið af skógræktar- og sveitarfélögunum, en því ber að halda áfram af sama krafti og áður. Hins vegar er nauðsynlegt að horfa til nýrra áfanga og huga að framtíðinni.

Grænn trefill á útmörkum byggðar breytist óhjákvæmilega eftir því sem byggðin vex. Þar sem skógrækt og önnur ræktun er langtímaverkefni er mikilvægt að huga að framtíðarlegu trefilsins með góðum fyrirvara. Upphaflegar hugmyndir um legu trefilsins tóku mið af þeirri þekkingu sem þá lá fyrir. Efri mörk hans voru miðuð við 150 m hæð yfir sjávarmáli, en núverandi þekking og reynsla segir okkur að hægt er að rækta tré ofar en áður var talið.

Þar sem stór svæði eru tekin til ræktunar verður landslagsaðlögun betri en ella og má benda á Heiðmörk sem dæmi. Minni svæði hafa frekar tilhneigingu til að fá á sig yfirbragð „frímerkja“. Tímabært er að stíga sambærileg skref og jafnvel stærri og þegar Heiðmörk var friðuð.

Sérstaka áherslu ætti að leggja á Kjalarnes og hlíðar Esju, en skógur á þeim slóðum drepur niður kalda og snarpa norðan strengi. Einnig er mikilvægt að þrjóna upp í miklar eyður milli Esjumela og Suðurlandsvegar.

Nýjar kynslóðir og ör fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu á þessari öld kallar á fyrirbyggju og markvissa vinnu við ræktunaráform. Í því sambandi skal bent á þrjár meginleiðir sem lúta að Græna treflinum og verkefnum hans.

6.5.1 Ræktun við Græna stíginn

Lagður verði meginþungi á ræktun umhverfis Græna stíginn í því skyni að skapa skjólsælt og áhugavert umhverfi í nágrenni við hann. Þar þarf að þrjóna upp í miklar eyður sem þarf að skilgreina í samræmi við legu stígsins.

6.5.2 Fjölbreytni á Græna treflinum

Víða á gömlum skógræktarsvæðum er þörf á að auka fjölbreytni trjágróðurs í bland við runna og annan gróður til að gera umhverfið enn áhugaverðara. Á fyrri ræktunartímabilum var oft notast við fáar tegundir. Þá er einnig víða mikil þörf á grisjun eldri skógarreita, bæði til að gera þá aðgengilegri og meira aðlaðandi.



6.5.3 Nýir ræktunaráfangar

Nauðsynlegt að leggja upp með nýja og stóra ræktunaráfanga s.s. Esju, Mosfellsheiði, Sandskeið, Leirdal og Breiðdal ofan Undirhlíða, svo fátt eitt sé nefnt til sögunnar.

6.6 Rannsóknir og kynning

Íbúar höfuðborgarsvæðisins stunda töluverða útivist. Ekki hefur þó verið mikið gert að því að kanna eða rannsaka umfang, staðsetningu eða eðli þessarar útivistar sérstaklega. Ljóst er að sum svæði eru mjög mikið notuð, en önnur minna.


6.6.1 Viðhorfskannanir

Kanna þarf reglulega notkun almennings á Græna treflinum. Gera þarf viðhorfskannanir og meta hug fólks til útivistar og útivistarsvæða, en framtíðaráætlanir geta að einhverju leyti tekið mið af slíkum viðhorfskönnunum. Sem dæmi má taka könnun þá sem Reykjavíkurborg lét gera um notkun á nokkrum útivistarsvæðum³⁷ og könnun sem fyrirhuguð er í Garðabæ³⁸.

Skilgreina þarf notendur Græna trefilsins ítarlegar og átta sig á vexti þeirrar notkunar til framtíðar.

6.6.2 Kynning á Græna treflinum

Huga þarf að kynningu á Græna treflinum með ýmsum hætti. Í framhaldinu er einsýnt að kynna þarf verkefnið vel í sveitarfélögunum. Til að ná samstöðu um verkefnið og halda því vakandi má kalla til gróðursetningarátaks einu sinni á ári, þar sem bæði almenningur, félagar skógræktarféлага og stjórnsýsluaðilar tækju þátt. Meðfram Græna stígnum og við Grænu hliðin væri sjálfsagt að merkja með skiltum eða einhverjum öðrum merkjum að fólk sé komið inn á Græna trefilinn, til að formgera hann betur í huga fólks.



7. TILLÖGUR TIL STJÓRNAR SSH

Með Græna treflinum, uppbyggingu og eflingu innviða hans er unnt að bæta búsetuskilyrði höfuðborgarsvæðisins. Hann er mikilvægt tæki til að bæta lýðheilsu almennings á höfuðborgarsvæðinu. Þegar til lengri tíma er litið er Græni

³⁷ IMG Gallup (2006)

³⁸ Kristín Þorleifsdóttir og Ragnhildur Skarphéðinsdóttir (2006)

trefillinn fjárfesting fyrir íbúa og gott mannlíf á þessari öld og í framtíðinni.

Græni trefillinn er andlit höfuðborgarsvæðisins út á við gagnvart hinum stóra heimi og gestum og ferðamönnum sem hingað koma.

7.1 Næstu áfangar og fjármögnun

Mikilvægt er að tryggðir verði fjármunir til framkvæmda á Græna treflinum í samræmi við þær áætlanir sem gerðar verða.

Ýmsar leiðir mætti fara í fjármögnun en í því sambandi mætti t.d. skoða útfærsluleiðir fyrir útivistarsvæði Bláfjalla eða önnur sambærileg verkefni.

Mikilvægt er að leggja drög að áframhaldandi vinnu að Græna treflinum, sem tæki mið af framgangi fyrstu áfanga þessa verkefnis.



7.2 Græni stígurinn - Grænu hliðin

Samstarfshópurinn leggur til að undirbúin verði lagning og lega vel uppbyggðs möndulstígs sem tengdi núverandi skógræktarsvæði saman þannig að eftir Græna treflinum væri nokkuð heildstæð leið frá norðri til suðurs. Græn hlið verði skilgreind á treflinum.

7.3 Ræktun Græna trefilsins

Lögð verði áhersla á að efla skjól og skóga umhverfis Græna stíginn. Þar kemur ræktunin til með að nýtast fyrst. Jafnframt verði unnið að því að skilgreina hvaða svæði innan Græna trefilsins skuli taka til ræktunar. Um leið þarf að skilgreina möguleika til útvíkkunar núverandi skóga.

8. LOKAORÐ

Í alþjóðlegum samanburði eru að mörgu leyti heppilegar aðstæður við höfuðborgarsvæðið til að koma á Grænum trefli. Landrými er meira en gerist víða erlendis og hagsmunaaðilar færri.



Víðaðu eru menn að gera sér æ betur grein fyrir mikilvægi grænna svæða fyrir íbúana. Samtök bandarískra borgarstjóra samþykktu árið 2003 ályktun um aukningu borgarskóga, gagnert vegna hinna jákvæðu umhverfis- og lýðheilsuáhrifa sem þeir hafa³⁹. Tveimur árum síðar skrifuðu borgarleiðtogar víðs vegar að undir „Grænuborga-yfirlýsinguna“ (*Green Cities Declaration*), sem meðal annars kveður á um að hver borgarbúi eigi ekki að þurfa að fara lengra en rúma 500 m að næsta útivistarsvæði⁴⁰. Á alþjóðavísu er hreyfing í þá átt að fjölga grænum svæðum, einnig í gömlum og þéttbýlum borgum eins og París, þar sem lítið land er á lausu eftir margra alda byggð og lóðaverð er mjög hátt⁴¹.



Við höfum tækifæri á að byggja útivistarsvæðin upp frá grunni. Samstarf stjórnvalda og áhugasamtaka er nú þegar fyrir hendi hér á landi í gegnum skógræktarfélagin og fleiri félagasamtök og stendur styrkum fótum.

Við höfum allar aðstæður til að gera Grænan trefil það vel úr hendi að eftir verði tekið meðal annarra þjóða.

³⁹ The United States Conference of Mayors (2003)

⁴⁰ United Nations Environment Programme (2005)

⁴¹ Ackerman, J. (2006)

HEIMILDIR OG ÍTAREFNI

- Ackerman, J. (2006). Space for the soul. *National Geographic Magazine*, 210 (4): 110-115.
- Aðalskipulag Álftaness 2005-2024* (2006). Álftanesbær. Veffang: http://www.alftanes.is/Files/Skra_0014430.pdf. Skoðað október 2006.
- Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016* (2006). Garðabær. Veffang: http://www.gardabaer.is/displayer.asp?cat_id=821. Skoðað október 2006.
- Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025* (2006). Hafnarfjarðarbær. Veffang: <http://www.hafnarfjordur.is/skipulag%5Fog%5Fframkvaemdir/skipulag/adalskipulag/>. Skoðað október 2006.
- Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012* (2002). Kópavogsbær. Veffang: http://www.kopavogur.is/upload/files/adalskipulag_skyrsla.pdf. Skoðað október 2006.
- Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024* (2003). Mosfellsbær og Teiknistofa Arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Veffang: http://www.mosfellsbaer.is/Files/Skra_0001487.pdf. Skoðað október 2006.
- Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024* (2002). Reykjavíkurborg, Skipulags- og byggingasvið. Veffang: <http://arcims.rvk.is/website/skipulagssja/>. Skoðað október 2006.
- Aðalskipulag Seltjarnarness 2006-2024* (2006). Seltjarnarnesbær. Veffang: <http://www.seltjarnarnes.is/media/skipulag//samth-greinag.pdf>. Skoðað október 2006.
- Átak í trjárækt á höfuðborgarsvæðinu* (1985). Gestur Ólafsson (ritstj.). Skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins, 32 bls.
- Bjarni Diðrik Sigurðsson, Brynhildur Bjarnadóttir, Jan B. Strachan og Friðrik Pálmason (2004). Tilraunaskógurinn í Gunnarsholti II Vatnið í skóginum. *Skógræktarritið* 2004 (1): 55-64.
- Bjarni Diðrik Sigurðsson (2004). Leiðrétting. *Skógræktarritið* 2004 (2): 123.
- Commission of the European Communities* (2006). Communication from the Commission to the Council and the European Parliament on an EU Forest Action Plan. Commission of the European Communities, Brussel, 13 bls.
- Einar Gunnarsson og Skarphéðinn Smári Þórhallsson (2003). Kortlagning Heiðmerkur. *Skógræktarritið* 2003 (1): 40-49.
- Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs* (án ártals). Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs. Veffang: <http://www.gff.is/>. Skoðað október 2006.

- Hagstofa Íslands* (2006). Mannfjöldi. Hagstofa Íslands, Reykjavík. Veffang: <http://www.hagstofa.is/?PageID=67>. Skoðað október 2006.
- IMG Gallup (2006). *Reykjavíkurborg Umhverfissvið Reykjavíkurborgar Viðhorfsrannsókn*. IMG Gallup, Reykjavík, 13 bls.
- Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson (2006). *Gróður í Heiðmörk*. Skýrsla NÍ-06001. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 54 bls.
- Kristín Þorleifsdóttir og Ragnhildur Skarphéðinsdóttir (2006). *Introduction of newly accepted research proposal*. Presented to the Cost Action E33 – working group 2 in Slovakia October 17, 2006. Hornsteinar architects ehf, Reykjavík, 2 bls.
- Larsson, Á. (2006). Skog på recept. *Skogen* 8/06: 6-7.
- Páll Líndal, Tómas Einarsson, Jón Jónsson, E.J. Stardal, Ingvar Birgir Friðleifsson, Gunnar Kristjánsson og Agnar Ingólfsson (1985). *Árbók Ferðafélags Íslands 1985 – Þættir um nágrenni Reykjavíkur*. Ferðafélag Íslands, Reykjavík, 269 bls.
- Reynir Vilhjálmsson og Þráinn Hauksson (1996). *Græni trefillinn – útivistarlönd höfuðborgarsvæðisins*. Skýrsla unnin fyrir skógræktarfélagin á höfuðborgarsvæðinu.
- Sherry Curl og Hrefna Jóhannesdóttir (2005). Viðhorf Íslendinga til skógræktar. *Skógræktarritið* 2005 (1): 19-27.
- Skógrækt í sátt við umhverfið* (án ártals). Starfshópur um gerð leiðbeininga um nýræktun skóga. Veffang: <http://www.skog.is/leidbeiningar.htm>. Skoðað október 2006.
- Starfshópur skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu* (2006). Munnlegar heimildir.
- Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024* (2002). Samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu. Veffang: http://www.skipbygg.is/display.asp?cat_id=554. Skoðað október 2006.
- The United States Conference of Mayors (2003). *2003 Adopted Resolutions 71st Annual Meeting Denver*. Veffang: <http://www.usmayors.org/71stAnnualMeeting/resolutions2003.pdf>. Skoðað október 2006.
- Trjáræktarklúbburinn* (án ártals). Um Trjáræktarklúbbinn. Veffang: http://odg.cc/trjaklubbur/?page_id=2. Skoðað október 2006.

United Nations Environment Programme (2005). *Green Cities Declaration*. United Nations World Environment Day 2005, June 1-5, San Fransisco. Veffang: http://www.wed2005.org/pdfs/Accords_11x17.pdf. Skoðað október 2006.

VIÐAUKI 1

Aðdragandi að Græna treflinum

ÁRTAL	STAÐUR/VIÐBURÐUR	ÚTSKÝRING
1903	Rauðavatn	Skógræktarfélag Reykjavíkur hið fyrra hefst handa við skógrækt.
Um 1930	Skólalundur í Hafnarfirði	Gamalt skógarsvæði í Undirhlíðum er girt af og byrjað með ræktun.
1935	Unglingavinna	Fyrstu unglingavinnu við skógræktarstörf komið á.
1936	Heiðmörk	Hákon Bjarnason setur fram fyrstu hugmyndir um friðun Heiðmerkur sem útivistarsvæðis borgarbúa
1941	Heiðmörk	Ritið <i>Heiðmörk – Friðland Reykvíkinga ofan Elliðavatns</i> kemur út.
1946	Skógræktarfélag Reykjavíkur	Skógræktarfélag Reykjavíkur hið síðara er stofnað og falið að vinna að friðun Heiðmerkur.
1946	Skógræktarfélag Hafnarfjarðar	Skógræktarfélag Hafnarfjarðar er stofnað.
1949	Heiðmörk	Ákveðið að Heiðmörk skuli verða útivistarsvæði Reykvíkinga og Skógræktarfélagi Reykjavíkur falin umsjón þess.
Upp úr 1950	Vinnuskólar sveitarfélaga	Fyrstu vinnuskólar (unglingavinna) sveitarfélaga stofnaðir. Stór hluti skógræktarinnar og göngustíga á Græna treflinum hefur verið unnin af unglingavinnunni.
1955	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar er stofnað.
1957	Hamrahlíð í Úlfarsfelli	Fyrsta gróðursetning fer fram, eftir að land hefur verið tekið á leigu.
1958	Skógræktarfélag Kjalarness	Skógræktarfélag Kjalarness er stofnað.
1967	Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins	Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins tekur til starfa á Mógilsá.
1967	Guðmundarlundur	Fyrsta gróðursetning fer fram í Stórabási í Vatnsendalandi. Skógræktarfélag Kópavogs fær reitinn 1997 og er honum gefið nafnið Guðmundarlundur.
1969	Skógræktarfélag Kópavogs	Skógræktarfélag Kópavogs er stofnað.
1980	Ár trésins	Skógræktarfélagin standa fyrir Ári trésins.
1984	Austurheiðar	Reykjavíkurborg felur Skógræktarfélagi Reykjavíkur að rækta skóg á Austurheiðum. Unnin er tillaga að útmörk Reykjavíkur og farið í stórfellda plöntun.
1985	Græn svæði	Skýrslan <i>Átak í trjárækt á höfuðborgarsvæðinu</i> kemur út.
Um 1987	Höfuðborgargirðing	SSH stendur straum af friðun á stóru svæði ofan byggðar frá Straumi til Kollafjarðar.
1988	Skógræktarfélag Garðabæjar	Skógræktarfélag Garðabæjar er stofnað.
1990	Landgræðsluskógar	Átakið Landgræðsluskógar hefst með fjársöfnun og gróðursetningu á 1 milljón trjáplantna.
Um 1994	Græni trefillinn	Hugtakið Græni trefillinn kemur fram
1994	Útmörk höfuðborgarsvæðisins	Greinargerð um útmörk höfuðborgarsvæðisins unnin fyrir Skógræktarfélög Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar og komið á samvinnu milli félaganna.
1998	Skógræktarfélag Álftaness	Skógræktarfélag Álftaness er stofnað.
2001	Staðfesting í svæðisskipulagi	Græni trefillinn staðfestur í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

ÁRTAL	STAÐUR/VIÐBURÐUR	ÚTSKÝRING
2003	Samstarf um Græna trefilinn	Skógræktarfélög Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Garðabæjar, Reykjavíkur og Kjalarness undirrita formlega samstarfsyfirlýsingu um Græna trefilinn.
2006	Starfshópur SSH	SSH felur starfshópi skógræktar- og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að vinna skýrslu um Græna trefilinn.

VIÐAUKI 2

Skógræktarsvæði á vegum skógræktarféлага eða í umsjá opinberra aðila

HEITI SVÆÐIS	STÆRÐ (HA)*	UMSJÓNARAÐILI
Arnhamar	10	Skógræktarfélag Kjalarness
Hlíðar Esju	510	Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélag Reykjavíkur
Háaleiti-Mosfell	80	og Skógræktarfélag Kjalarness
Helgafell	20	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Varmaland	40	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Æsustaðahlíð	60	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Norður-Reykir,		
Skammidalur	70	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Lágafell	20	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Hamrahlíð - Úlfarsfell	80	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Reykjahvolshlíð	20	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Austurhlíðar Úlfarsfells	80	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Hafrahlíð	2	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Þormóðsdalur	50	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
Lækjarbotnar	20	Skógræktarfélag Kópavogs
Austurheiðar og		
Rauðavatn	890	Reykjavíkurborg ⁴²
Heiðmörk	3000	Skógræktarfélag Reykjavíkur
Vatnsendi	100	Skógræktarfélag Kópavogs
Sandahlíð	50	Skógræktarfélag Garðabæjar
Smalaholt	50	Skógræktarfélag Garðabæjar
Rjúpnahæð	20	Skógræktarfélag Kópavogs
		Skógræktarfélag Garðabæjar og Skógræktarfélag
Hnoðraholt	20	Kópavogs
Tjarnholt	50	Skógræktarfélag Garðabæjar
Höfðaskógur,		
Gráhelluhraun	670	Skógræktarfélag Hafnarfjarðar
Hádegisholt	20	Skógræktarfélag Garðabæjar
Undirhlíðar	150	Skógræktarfélag Hafnarfjarðar
Leirdalur		
Almenningsskógum	130	Skógræktarfélag Garðabæjar og Álftaness
Fossvogur	10	Reykjavíkurborg ⁴³
Öskjuhlíð	50	Reykjavíkurborg ⁴⁴
Ellidaárdalur, Árbær og		
Breiðholtshvarf	120	Reykjavíkurborg ⁴⁴
SAMTALS UM 6400 HA		

* Tölur um stærð svæða eru að hluta til byggðar á mælingum og hluta til á mati og skulu því teknar með fyrirvara.

⁴² Áður Skógræktarfélag Reykjavíkur í verktöku fyrir Reykjavíkurborg

⁴³ Áður ræktunarstöð og aðalmiðstöð Skógræktarfélags Reykjavíkur

⁴⁴ Áður í umsjá Skógræktarfélags Reykjavíkur